



ÁRSSKÝRSLA LEIKSKÓLA Í GARÐABÆ

Skólaárið 2014 - 2015

Samantekt á málefnum leikskóla í Garðabæ

Anna Magnea Hreinsdóttir
leikskólafulltrúi

INNGANGUR

Þessi ársskýrsla tekur til skólaársins 1. september 2014 – 31. ágúst 2015. Hún byggir á ársskýrslum leikskólanna í Garðabæ, en samkvæmt lögum um leikskóla skulu leikskólastjórar gera grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.

Leikskólar í Garðabæ grundvalla starf sitt á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 en grunnþættir menntunar samkvæmt henni eru læsi, sköpun, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð. Einnig byggja leikskólarnir starf sitt á skólastefnu Garðabæjar, en hornsteinar hennar eru metnaður, virðing, sköpun og gleði. Á þeim grunni byggir skólanámskrá hvers leikskóla en þar má sjá sérstöðu hans og stefnu.

Garðabær, ágúst 2015

Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	1
LEIKSKÓLANEFND	3
STEFNUMÖRKUN	3
FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐ.....	5
LEIKSKÓLAR Í GARÐABÆ OG HELSTU ÁHERSLUR Í STARFI ÞEIRRA	6
TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR.....	8
LEIKSKÓLASTJÓRAFUNDIR	9
ENDURMENNTUN STARFSFÓLKS LEIKSKÓLA.....	10
ÖNNUR NÁMSTÆKIFÆRI FYRIR STARFSFÓLK LEIKSKÓLA Í GARÐABÆ	11
PRÓUNARSJÓÐUR LEIKSKÓLA	11
PRÓUNARVERKEFNI	13
ÓLÍKAR ÞARFIR BARNA.....	14
ÞJÓNUSTUKÖNNUN CAPACENT 2014	14
DAGFORELDRAR.....	15
ENDURMENNTUN FYRIR DAGFORELDRA	16
LOKAORÐ	17

LEIKSKÓLANEFND

Leikskólanefnd starfar samkvæmt 4. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 og fer með málefni leikskóla. Nefndin skal vera vakandi fyrir umbótum í starfi leikskóla og gera tillögur til bæjarstjórnar um starfshætti sem horfa til framfara. Leikskólanefnd skal ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti meta þörf fyrir leikskólarými og gera á grundvelli þess tillögu til bæjarstjórnar um uppbyggingu leikskóla í Garðabæ. Samkvæmt erindisbréfi fyrir leikskólanefnd Garðabæjar, sem samþykkt var í bæjarstjórn Garðabæjar í september 1999, skal nefndin skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara kosnum af bæjarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Fulltrúi leikskólastjóra, fulltrúi starfsfólks leikskóla og fulltrúi foreldra leikskólabarna eiga rétt til setu á fundum leikskólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Einnig situr fulltrúi dagforeldra fundi nefndarinnar.

Á fundi bæjarstjórnar í maí 2014 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir í leikskólanefnd til loka kjörtímabils:

Aðalmenn:

Sigurður Guðmundsson, formaður
Viktoría Jensdóttir
Kristjana Sigsteinsdóttir
Guðfinna E. Ingjaldsdóttir
Snævar Sigurðsson

Varamenn:

Eymundur S. Einarsson
Elín María Björnsdóttir
Karitas Ólafsdóttir
Anna Guðný Andersen
Kamilla Sigurðardóttir

Kristín Sigurbergisdóttir var kosin fulltrúi leikskólastjóra, Lovísa A. Pálmadóttir var kosin fulltrúi foreldra og Ída Björg Unnarsdóttir fulltrúi starfsfólks. Fulltrúi dagforeldra var kosinn Kristín M. Guðmundsdóttir.

Þann 4. september 2014 urðu þær breytingar á nefndarskipan að Sigurður Guðmundsson lét af störfum formanns og Viktoría Jensdóttir tók sæti hans. Eymundur S. Einarsson tók sæti aðalmanns.

STEFNUMÖRKUN

Leikskólanefnd hélt ellefu fundi veturinn 2014 - 2015 um málefni dagforeldra og leikskóla.

- ✓ Í ágúst var fyrsti fundur nýskipaðar nefndar og var farið yfir hlutverk nefndarinnar, lög og reglugerðir kynntar ásamt Aðalnámskrá leikskóla. Einnig var farið yfir fjölda íbúa í Garðabæ, fjölda barna á leikskólaaldri og helstu skref í uppbyggingu leikskóla á næstu árum. Að lokum var farið yfir niðurstöður úttektar næringarfræðings á matseðlum og uppskriftum í leikskólum í Garðabæ sem sýndu að nánast alltaf er farið eftir opinberum ráðleggingum hvað varðar hráefnisval og fjölbreytni í matargerð. Framboð af grænmeti og ávöxtum er til mikillar fyrirmyndar.
- ✓ Í september voru ársskýrslur leikskólanna lagðar fram. Að mati nefndarinnar endurspegluðu þær fjölbreytt starf skólanna. Á fundinum var kynnt endurskoðuð skólafestna Garðabæjar og farið yfir helstu áherslur hennar. Nefndarmenn kynntu sér húsnæði og starfsemi leikskólans Akra.

- ✓ Í október voru starfsáætlanir leikskólanna lagðar fram ásamt umsögnum foreldraráða. Töldu nefndarmenn áætlanirnar endurspeglar vel áherslur skólanna og helstu verkefni veturinn 2014 – 2015. Á fundinum var farið yfir reglur um innritun barna í leikskóla í Garðabæ og ákveðið að gera þær vel sýnilegar á vef Garðabæjar. Einnig var ákveðið að gera reglur um starfsleyfi dagforeldra sýnilegri á vefnum. Í lok fundarins kynntu nefndarmenn sér húsnæði og starfsemi leikskólans Ása.
- ✓ Á fundi nefndarinnar í nóvember kynnti forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs helstu áherslur í fjárhagsáætlun ársins 2015. Samningur um starfsþróunarskóla sem Garðabær hefur gert við Háskólann á Akureyri var lagður fram sem liður í að fjölga leikskólakennurum í Garðabæ. Í lok fundarins kynntu nefndarmenn sér húsnæði og starfsemi Litlu Ása.
- ✓ Á desemberfundi var tillaga um að settar verði reglur um samskipti skóla við trúar- og lífsskoðunarfélög rædd. Taldi nefndin að skólar í Garðabæ eigi að taka mið af viðmiðunarreglum þeim sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sett í samráði við Heimili og skóla, Samband íslenskra sveitarfélaga, Siðmennt, Biskupsstofu og Kennarasamband Íslands. Ræddu nefndarmenn einnig erindi sem barst frá foreldrafélagi og foreldraráði eins leikskólans um mönnun á leikskólunum. Taldi nefndin mikilvægt að vel sé staðið að starfi leikskólanna og að mikilvægt sé að farið sé yfir reiknilíkan leikskóla sem stöðugildum er úthlutað eftir og hvernig starfsfólk nýtist sem best innan leikskólanna. Í lok fundarins kynntu nefndarmenn sér starfsemi og húsnæði Bæjarbóls.
- ✓ Í janúar var fundað á Holtakoti og kynnti nefndin sér húsnæði og starfsemi skólans. Að auki kynnti nefndin sér lýsingu á gerð aðalskipulags og taldi nefndin að mikilvægt að gera ráð fyrir góðri aðkomu, aðgengi og rými í skipulaginu fyrir þær stofnanir sem sinna börnum. Einnig var farið yfir drög að úthlutunarreglum þróunarsjóðs leikskóla sem stofnaður hefur verið. Sjóðurinn hefur til ráðstöfunar 8.000.000 á þessu ári og er tilgangur hans að efla innra starf leikskóla í Garðabæ.
- ✓ Í febrúar kom Baldur Svavarsson arkitekt á fund nefndarinnar og kynnti teikningar og framkvæmdir við Urriðaholtsskóla, en áætlað er að hann taki til starfa haustið 2016. Í honum verður rými fyrir amk. 100 leikskólabörn. Einnig afgreiddi nefndin nokkur dagforeldraleyfi á fundinum. Námsmatsstofnun hefur ákveðið að verða við beiðni skóladeildar og leikskólastjóra Sjálands um ytra mat á starfsemi leikskólans, en markmið úttektafyrir er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Á fundinum var farið yfir helstu niðurstöður íbúakönnunar Capacent og þakkaði nefndin starfsfólki leikskóla fyrir vel unnin störf. Í lok fundarins kynnti leikskólastjóri Hæðarbóls starfsemi leikskólans og húsnæði.
- ✓ Á fundi nefndarinnar í mars voru nokkur dagforeldraleyfi samþykkt. Einnig var samræmt skóladagatal fyrir veturinn 2015 – 2016 lagt fram með umsögnum foreldraráða og samþykkt. Einnig var rætt um að samræma seldan dvalartíma barna í leikskólum í Garðabæ, en nokkrir leikskólar selja korter. Í lok fundarins var starfsemi og húsnæði leikskólans Kirkjubóls kynnt.
- ✓ Leikskólanefnd fundaði sérstaklega í apríl til að fara yfir umsóknir í þróunarsjóð leikskóla, fyrri úthlutun. Nefndin lagði til við bæjarráð að úthlutað yrði 6.168.000 úr sjóðnum af þeim 6.400 sem til ráðstöfunar voru til 13 verkefna. Taldi nefndin verkefnin styðja vel við innleiðingu á skólastefnu Garðabæjar.

- ✓ Á seinni fundi nefndarinnar í apríl var farið yfir beiðnir um flutning á skipulagsdegi frá Sjúalandi og Sunnuhvoli, en samkvæmt reglum sjóðsins geta leikskólar flutt einn skipulagsdag að öðrum vegna skólaheimsóknna eða ráðstefna utanlands. Í lok fundarins skoðuðu nefndarmenn húsnæði Krakkakots og fengu kynningu á starfsemi hans.
- ✓ Í júní var farið yfir niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra með börn hjá dagforeldrum en öllum fannst barni sínu líða vel í daggæslunni og 95% þeirra eru ánægðir með daggæslu barns síns. Nú eru 11 dagforeldrar starfsandi í Garðabæ. Einnig var farið yfir símenntun starfsfólks leikskólanna og möguleika þeirra til að afla sér menntunar með vinnu. Má þar nefna leikskólabrú, fjarnám í leikskólafræðum við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Nefndarmenn ræddu einnig þær reglur sem gilda um styrki til náms. Einnig var farið yfir framkvæmdir og viðhald leikskóla í sumar. Þar ber hæst lóðaf framkvæmdir við Ása og Krakkakot og breytingar á húsnæði Sunnuhvals vegna breyttrar aldurssamsetningar. Fulltrúi foreldra kynnti einnig umræður á fundi með fulltrúum foreldrafélaga og ráða leikskóla. Að lokum kynnti leikskólastjóri Lundabóls húsnæði og starfsemi Lundabóls.

FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐ

Fræðslu- og menningarsvið nær yfir málefni daggæslu, leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, íþróttamála, æskulýðs- og tómstundamála unglunga og aldraðra, menningarmál og vinnuskóla.

Forstöðumaður er Margrét Björk Svavarsdóttir, margretsv@gardabaer.is

Katrín Friðriksdóttir, deildarstjóri skóladeildar katrinf@gardabaer.is hefur umsjón með málefnum grunnskóla og tónlistarskóla.

Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi annah@gardabaer.is hefur eftirlit og sinnir ráðgjöf fyrir leikskóla í Garðabæ. Hún sér um eftirlit með dagforeldrum í Garðabæ og leikfangasafni þeim tengdum. Hún hefur einnig umsjón með biðlistum fyrir leikskólana.

Sérkennslufulltrúi leikskóla Margrét H. Þórarinsdóttir, mh@gardabaer.is hefur aðsetur á bæjarskrifstofunum. Hún hefur yfirumsjón með sérkennslu í leikskólunum í Garðabæ og annast faglega ráðgjöf til starfsfólks og foreldra barna í öllum leikskólunum.

Sálfræðingurinn Soffía Elín Sigurðardóttir soffiaelin@gardabaer.is annast athuganir og greiningar á börnum í leikskólunum og veitir foreldrum og starfsfólki ráðgjöf.

Talmeinafræðingar. Gréta Pálsdóttir gretap@gardabaer.is og Stella Hermannsdóttir stellahe@gardabaer.is talmeinafræðingar starfa báðar á skóladeildinni. Talmeinafræðingar sinna greiningu og ráðgjöf vegna framburðarferðleika barna í leikskólum og veita foreldrum og starfsfólki leikskóla ráðgjöf.

LEIKSKÓLAR Í GARÐABÆ OG HELSTU ÁHERSLUR Í STARFI ÞEIRRA

Í Garðabæ eru þrettán leikskólar. Garðabær rekur átta leikskóla auk leikskóladeildar í Flataskóla. Tveir leikskólar eru reknir samkvæmt þjónustusamningi við Garðabæ, annars vegar leikskólinn Ásar og eru Litlu Ásar deild út frá Ásum. Hins vegar er leikskólinn Sjáland sem rekinn er af Sjálandi ehf. Út frá honum er starfrækt leikskóladeild fyrir fimm ára börn í húsnæði Sjálandsskóla. Hjallastefnan rekur einnig leikskóladeild fyrir fimm ára börn í Barnaskóla Hjallastefnunnar að Vífilstöðum og Alþjóðaskólinn einnig. Starf leikskólanna byggir á lögum um leikskóla frá árinu 2008, reglugerð um leikskóla nr. 665/2009 og Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011.

Hér á eftir fer yfirlit yfir leikskóla í Garðabæ. Starf leikskólanna er afar fjölbreytt og er því vísað í ársskýrslur leikskólanna á heimasíðu þeirra til að fá fyllri mynd af starfi hvers leikskóla. Heimasíður leikskólanna er að finna á slóðinni: www.gardabaer.is

Akrar v/Línakur – sjá ársskýrslu á www.akrar.is

Leikskólastjóri á Ökrum er Sigrún Sigurðardóttir.

Alþjóðarskólinn – sjá ársskýrslu á www.internationalschool.is

Skólastjóri er Guðrún Hanna Hilmarsdóttir.

Ásar v/Bergás og Litlu Ásar v/ Vífilstaði – sjá ársskýrslu á www.hjalli.is

Leikskólastjóri á Ásum er Gróa Margrét Finnsdóttir og Erna Káradóttir stýrir Litlu Ásum.

Yngri eining Barnaskóla Hjallastefnunnar – sjá ársskýrslu á www.hjalli.is

Skólastjóri Barnaskólans er Ragnhildur Ólafsdóttir.

Bæjarból, heilsuleikskóli v/Bæjarbraut – sjá ársskýrslu á www.baejarbol.is

Leikskólastjóri Bæjarbóls er Kristín Sigurbergisdóttir.

Flataskóli v/Vífilstaðaveg – sjá ársskýrslu á www.flataskoli.is

Skólastjóri Flataskóla er Ólöf Sigurðardóttir.

Holtakot, heilsuleikskóli v/ Breiðamýri – sjá ársskýrslu á www.holtakot.is

Leikskólastjóri Holtakots er Ragnhildur Skúladóttir.

Hæðarból v/Hæðarbraut – sjá ársskýrslu á www.haedarbol.is

Leikskólastjóri Hæðarbóls var Ingibjörg Gunnarsdóttir.

Kirkjuból v/Kirkjulund – sjá ársskýrslu á www.kirkjubolid.is

Leikskólastjóri Kirkjubóls er Marta Sigurðardóttir.

Krakkakot, náttúruleikskóli v/ Skólaveg – sjá ársskýrslu á www.krakkakot.is

Leikskólastjóri Krakkakots er Hjördís G. Ólafsdóttir.

Lundaból v/Hofsstaðabraut – sjá ársskýrslu á www.lundabol.is

Leikskólastjóri Lundabóls er Björg Helga Geirsdóttir.

Sjaland v/ Löngulínu – sjá ársskýrslu á www.leikskolinn.is/sjaland

Leikskólastjóri og rekstraraðili leikskólans er Ída Jensdóttir.

Sunnuhvoll v/Vífilstaði – sjá ársskýrslu á www.sunnuhvoll.is

Leikskólastjóri er Helga Kristjánsdóttir.



TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Alls dvöldu 965 börn á leikskólum í Garðabæ veturinn 2014 – 2015 sem skiptust á eftirfarandi hátt:

Börn í desember 2014

	Alls	1 árs	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára
Akrar	100		9	26	50	15
Alþjóðaskólinn	6					6
Ásar	106		34	31	41	
Bæjarból	93	3	25	21	21	23
Holtakot	74	12	9	15	23	15
Hæðarból	58		12	23	5	18
Kirkjuból	60		10	18	19	13
Krakkakot	97	9	27	17	24	20
Leikskóladeild Bsk Hjallast.	51					51
Leikskóladeild Flataskóla	39				11	28
Litlu Ásar	57	57				
Lundaból	65	7	15	19	10	14
Sjáland	124	20	23	22	22	37
Sunnuhvoll	28	18	2	4	4	
Einkaskólar í öðrum sv.	7	1	1	2	1	2
Alls börn	965	127	167	198	231	242

Við innritun barna vegna skólaársins 2014 – 2015 var hægt að bjóða öllum börnum sem urðu 15 mánaða þann 1. september leikskóladvöl.

Stöðugildi í leikskólum í Garðabæ voru 226,51 og skiptust eftir skólum á eftirfarandi hátt:

	Alls	Leikskólakennarar og önnur uppeldismenntun	Leiðbeinendur
Akrar	23,66	40%	60%
Ásar	27,83	36%	64%
Bæjarból	21,5	45%	55%
Holtakot	19,13	39%	61%
Hæðarból	13,9	67%	33%
Kirkjuból	13,85	56%	44%
Krakkakot	23,11	52%	48%
Leikskóladeild Bsk Hjallast.	5,7	80%	20%
Leikskóladeild Flataskóla	5	60%	40%
Litlu Ásar	16,13	17%	83%
Lundaból	16,79	47%	53%
Sjáland	31,00	12,72%	77,28%
Sunnuhvoll	8,91	57%	43%
Alls	226,51	Að meðaltali 46,8%	

LEIKSKÓLASTJÓRAFUNDIR

Samstarf er á milli leikskólastjóra í Garðabæ og sitja þeir sameiginlegan fund með leikskólafulltrúa einu sinni í mánuði. Ellefu fundir voru haldnir veturinn 2014-2015. Er lögð áhersla á faglega umræðu og kynningu á helstu nýjungum í leikskólastarfi. Eftirfarandi fundarefni voru til umræðu:

	Fundarefni
Ágúst	Til umræðu var yfirstandandi aðlögun og símenntun vetrarins fyrir starfsfólk leikskóla. Einnig var rætt um helstu áherslur í vetrarstarfi hvers leikskóla.
September	Helga Kristjánsdóttir leikskólastjóri kynnti starf Sunnuhvals, en verið er að breyta leikskólanum í ungarnaleikskóla. Einnig var þróunarverkefnið Námsbók barnsins kynnt. Að lokum var rætt um starf með iPad í leikskólunum.
Október	Skólastefna Garðabæjar var til umræðu og helstu skref í innleiðingu á henni. Rit Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu Skólar og menntun í fremstu röð lagt fram ásamt Hvítbók mennta- og menningarmálaráðherra. Þróunarverkefnið iLek kynnt og almennar umræður um skipulag leikskólastarfs rætt í lok fundarins.
Nóvember	Marta Sigurðardóttir og Anna Bjarnadóttir kynntu þróunarverkefnið Vinátta sem unnið er á Kirkjubóli í vetur í samstarfi við Barnaheill. Rætt um samstarfssamninga sem Garðabær hefur gert við Háskólann á Akureyri og við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um nema í leikskólum Garðabæjar. Farið yfir vinnureglur um fæðuþol/ofnæmis barna. Einnig farið yfir viðmið Mennta- og menningarmálaráðuneytis um samskipti leikskóla og trúfélaga. Umræður urðu um vinnuframlag foreldra í leikskólum og hvernig ramma því er sett v. þagnarskyldu og annarra atriða svo sem sakavottorða. Hugmyndir að Erasmusplús þróunarverkefnum ræddar og áhugi leikskóla á verkefni næsta vetur kannaður.
Desember	Viktoría Jensdóttir var gestur fundarins í desember og kynnti leikskólastjórum Lean hugmyndafræðina, hugsun og menningu eða öðru nafni straumlínustjórnun.
Janúar	Farið yfir helstu verkefni á árinu 2015. Einnig var staðan tekin á innleiðingu Skólastefnu Garðabæjar og farið yfir aðgerðaráætlun skóladeildar og leikskóla.
Febrúar	Gestur fundarins var Dr. Guðrún Alda Harðardóttir sem ræddi um lýðræði í leikskólastarfi – í matartímum líka.
Mars	Í mars var handleiðslufundur leikskólastjóra og farið yfir mál sem helst brenna á þeim.
Apríl	Kynning á iLek verkefninu sem er samstarfsverkefni leikskóla í norrænu vinarbæjum Garðabæjar. Verkefnið fékk styrk frá Nordplus og náði til tveggja ára. Leikskólakennari frá Bæjarbóli og Hæðarbóli tók þátt ásamt leikskólafulltrúa og menningarfulltrúa.
Maí	Maí fundurinn var sameiginlegur fundur allra leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra í Kraganum. Fundurinn var haldinn á Seltjarnarnesi og ræddi Ólafur Brynjar Bjarkason um samspil jákvæðni og starfsánægju.
Júní	Farið yfir námsferð leikskólastjóra til Bratislava og Ingibjörg Gunnarsdóttir leikskólastjóri kvödd.


ENDURMENNTUN STARFSFÓLKS LEIKSKÓLA

Samstarf er á milli leikskólafulltrúa Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes um námskeiðahald fyrir starfsfólk leikskóla. Eftirfarandi námskeið voru í boði veturinn 2014-2015:

Efni	Fyrirlesarar
Kynning fyrir nýja starfsmenn	Vilhjálmur Kári Haraldsson
Samskipti - viðtalstækni	Margrét Sigmarsdóttir
Málörvandi leikir og spil	Ásthildur Bj. Snorradóttir
iPad í almennu leikskólastarfi	Rakel Magnúsdóttir
Leikurinn	Guðrún Bjarnadóttir
Náttúruhreyfing	Birna Dís Bjarnadóttir og Ásta Loftsdóttir
Matarópol leikskólabarna	Ebba Guðný Guðmundsdóttir
Tvítýngd börn	Hanna Leifsdóttir
Uppeldislegar skráningar	Anna Gréta Guðmundsdóttir
Boðberi válegra tíðinda	Linda Bára Lýðsdóttir
Leikskólafólk með lakkaðar neglur	Auður Magnús Auðardóttir
iPad í almennu leikskólastarfi	Rakel Magnúsdóttir
Námssögur	Kristín Karlsdóttir
Liðsheild og jafningjastjórnun	Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
Tvítýngd börn	Hanna Leifsdóttir
Vísindaleikir	Guðmundur Sverrisson
Leiklist í leikskólum	Anna Bára Sævarsdóttir
Leikurinn	Guðrún Bjarnadóttir
Útikennsla	Norðurberg og Urðarhóli
Samspil jákvæðni og starfsánægju	Ólafur Brynjar Bjarkarson

ÖNNUR NÁMSTÆKIFÆRI FYRIR STARFSFÓLK LEIKSKÓLA Í GARÐABÆ

Til viðbótar þeirri símenntun sem mennta- og rannsóknarnefnd leikskóla í Kraganum stendur að hvetur Garðabær alla þá sem starfa á leikskólum í Garðabæ að nýta sér það nám sem í boði er samhliða starfi. Einnig að stunda virka símenntun og efla þannig leikskólann sem lærdómssamfélag. Sett var saman hefti þar sem kynnt eru þau námstækifæri sem í boði eru og þær reglur sem gilda um styrki til starfsmanna sem stunda nám samhliða starfi og reglur um launað námsleyfi. Einnig er hægt að sækja um styrki til Starfsmannafélags Garðabæjar og til Vísindasjóðs Félags leikskólakennara fyrir skólagjöldum.



PRÓUNARSJÓÐUR LEIKSKÓLA

Stofnaður var þróunarsjóður leikskóla á árinu 2015. Reglur fyrir sjóðinn voru samþykktar á fundi leikskólanefndar 16. febrúar 2015 og staðfestar í bæjarstjórn 5. mars 2015. Markmið með þróunarsjóði leikskóla er að stuðla að framþróun og öflugu innra starfi skóla í Garðabæ. Einstaka kennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfa við skóla í Garðabæ, einn skóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu, fræðslu og menningarsvið í samstarfi við skóla geta sótt um styrk í sjóðinn.

Auglýst er eftir umsóknum tvisvar á ári, að vori og að hausti. Við fyrri úthlutun er úthlutað allt að 80% sjóðsins og miðað við að þá sé sótt um til stærri verkefna. Árlega eru skilgreindir áherslupættir sjóðsins og hluti af úthlutunarfé tengt þeim. Umsóknir eru metnar af leikskólanefnd með hliðsjón af tengingu verkefnis við skólastefnu Garðabæjar, markmiðum, framkvæmdaáætlun, matsáætlun, kostnaðarmati og væntanlegum árangri og ávinningi verkefnisins fyrir skólastarf. Leikskólanefnd getur kallað eftir áliti utanaðkomandi fagaðila við afgreiðslu umsókna.

Tillögur leikskólanefndar eru lagðar fyrir bæjarráð til staðfestingar. Í kjölfarið er gerður skriflegur samningur við styrkþega um verkefni sem hlýtur styrk þar sem fram koma; yfirmarkmið verkefnis, ábyrgðarmaður verkefnis, skilgreindir áfangar og tímasetningar, mælanleg markmið, umsjónarmenn verkefnis og áætluð verklok. Einnig er þar tilgreindur styrkur sá sem verkefninu

hefur verið úthlutað og hvernig staðið verður að greiðslum. Styrkþegi skilar greinargerð á sérstöku formi um verkefnið þegar því er lokið. Einnig skal styrkþegi kynna niðurstöður verkefnisins fyrir stjórnendum leikskóla sem og leikskólanefnd og skólanefnd grunnskóla sé þess óskað. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í apríl. Eftirtöldum verkefnum var úthlutað:

Verkefni	Styrkupp hæð
Akrar - Sögupokar	230.000
Akrar - Vináttuverkefni	478.000
Ásar - Leikur að læra	170.000
Bæjarból - Vináttuverkefni	444.000
Bæjarból - Listaflétta	500.000
Holtakot - Leikur að læra og jóga	500.000
Holtakot - Vinátta	390.000
Hæðarból - Vináttuverkefni	336.000
Hæðarból - Aukin þátttaka barna	680.000
Krakkakot - Hugarró nemenda	550.000
Krakkakot - Spjaldtölvur	500.000
Lundaból - Leiðtoginn í mér	750.000
Sunnuhvoll - Skipulögð hreyfing	640.000
Alls	6.168.000

Unnið verður að verkefnunum veturinn 2015 – 2016. Seinni úthlutun úr sjóðnum árið 2015 verður í september/október.



PRÓUNARVERKEFNI

Veturinn 2014 – 2015 var unnið að nokkrum þróunarverkefnum í leikskólum Garðabæjar. Má helst nefna:

iLek - Samstarfsverkefni vinarbæja Garðabæjar

Verkefnið fékk styrk frá Nordplus að upphæð 4.800.000. Verkefnið var unnið á árunum 2013 – 2015. Markmið verkefnis var m.a. að styrkja norræn vinarbæjartengsl leikskóla í gegnum þróun kennslu með iPad í leikskólum. Einnig að koma á samstarfsneti kennara og gagnkvæmum heimsóknum og stuðla að notkun iPad til að viðhalda vinarbæjartengslum og fræða ung börn um norrænar rætur. Lokaskýrslu verkefnisins má nálgast á vefnum www.ilek.is



Vinátta – Fri for mobberi

Kirkjuból var valinn sem frumkvöðleikskóli til að nota efnið Vinátta eða Fri for Mobberi af Barnaheill – Save the Children á Íslandi. Um er að ræða forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla með tösku sem inniheldur efni fyrir nemendur og kennsluleiðbeiningar fyrir starfsfólk, auk efnis til að nota með foreldrum og starfsfólki. Hvatt er til samtala og leikja með börnum sem byggja á gildum verkefnisins; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum vinnubrögðum, svo sem hlustun, umræðu og tjáningu í leik, jafnt úti sem inni. Í töskunni er bangsi, nuddprógramm, samræðuspjöld, klípusögur, leiðbeiningar um notkun og fróðleikur fyrir starfsfólk. Nánari upplýsingar má nálgast á vef Barnaheillar, sjá: <http://www.barnaheill.is/Vinatta/>

Sunnuhvoll - Ung börn í leikskóla

Verkefnið fékk áframhaldandi styrk frá Lýðheilsusjóði til að vinna að markmiðum verkefnisins Ung börn í leikskóla. Helstu áherslupættir fyrir barnahópinn voru samsetning fæðis, tannvernd, tengsl og samskipti, uppbygging ónæmiskerfis, hreyfing og útivera, hvíld og slökun. Helstu áherslupættir fyrir starfsmannahópinn voru fræðsla um starfsánægju og starfendarannsóknir, umræður og ígrundun, næring, hreyfing og líkamsbeiting starfsfólks. Áfangaskýrslu um verkefnið má finna á vef Garðabæjar, sjá: <http://www.gardabaer.is/library/Files/Leikskolar/Skyrslur/Sunnuhvoll%20-%20osk%C3%BDrsla.pdf>

ÓLÍKAR ÞARFIR BARNNA

Sérkennslustjórar hafa verið starfandi í leikskólunum í vetur. Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslu í leikskólanum samkvæmt starfslýsingu sem samþykkt var í bæjarráði 12. apríl 2000 og starfsreglum samþykktum í bæjarráði 18. janúar 2007. Sérkennslustjóri sinnir börnum sem falla undir flokk 3 og 4 og er ekki úthlutað tímum sérstaklega fyrir þau börn, nema í undantekninga tilfellum.

Tveir talmeinafræðingar starfa á skólaskrifstofu. Megin verkefni þeirra eru greining á mál/ og talvanda, og ráðgjöf til starfsmanna og foreldra. Einnig leggja þeir málþroska skimun að hausti og vori fyrir elstu börn leikskólans. Sálfræðingur sérfræðiþjónustu skóladeildar kemur einnig að málefnum barna með athugun og ráðgjöf.

Samvinna er milli Heilsugæslunnar í Garðabæ og skóladeildar Garðabæjar í formi sameiginlegra funda á 4 vikna fresti. Þessa fundi sitja barnalæknar, hjúkrunarfræðingar og fjölskylduráðgjafi frá Heilsugæslunni og sálfræðingur, talmeinafræðingur og sérkennslufulltrúi frá skóladeild Garðabæjar. Með þessari samvinnu ganga mál hraðar fyrir sig auk þess sem hægt hefur verið að beina þeim börnum sem þess þurfa fyrir á Greiningar- og ráðgjafastöð Ríkisins.



ÞJÓNUSTUKÖNNUN CAPACENT 2014

Íbúakönnun Capacent var lögð fyrir í nóvember 2014. Einkunn Garðabæjar er í öllum tilfellum hærri en heildarmeðaltal sveitarfélaga. Garðabær er með hæstu einkunn allra sveitarfélaga í svörum við spurningu um ánægju með þjónustu við barnafjölskyldur. Að auki er Garðabær í 2. sæti í spurningu um ánægju með þjónustu leikskóla.



DAGFORELDRAR

Leikskólanefnd Garðabæjar veitir starfsleyfi til dagforeldra í Garðabæ og sinnir lögbundnu eftirliti með starfseminni eins og kveðið er á um í reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum. Þessi málaflokkur heyrir undir fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar.

Veturinn 2014-2015 voru 7 dagforeldrar starfandi í Garðabæ. 35 börn voru í gæslu hjá þeim en 17 börn voru hjá dagforeldrum í öðrum sveitarfélögum. Alls var því greitt með 52 börnum hjá dagforeldrum. Öll voru börnin 2 ára og yngri, flest voru fædd 2013. Gerður er þríhliða þjónustusamningur við foreldra og dagforeldra um framlag Garðabæjar og gjaldskrá foreldra. Sátt hefur ríkt um hann. Leikfangasafn er starfrækt fyrir dagforeldra, þar geta dagforeldrar fengið vönduð leikföng að láni og skipt á mánaðar fresti. Leikfangasafnið er í Kirkjuhvoli við Kirkjulund. Þar er einnig hægt að fá lánaðar fjölburakerrur og matarstóla.

Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar kannar árlega viðhorf foreldra til þeirrar þjónustu sem dagforeldrar í Garðabæ veita börnum og foreldrum bæjarins. Könnunin er einn liður í því að auka áhrif foreldra á þjónustu við börn sín. Könnunin fór fram með tölvupósti dagana 15 – 30. apríl frá bæjarskrifstofu Garðabæjar og nutu foreldrar nafnleyndar. Könnunin var send til 35 aðila sem eru með börn sín hjá dagforeldrum í Garðabæ. Svöruðu 26 aðilar sem gerir 74% svörun. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- ✓ Rúmlega 57% svarenda voru mjög ánægðir með daggæslu barns síns og 38% frekar sammála þeirri fullyrðingu.
- ✓ 73% svarenda töldu að barni sínu liði vel í daggæslunni og 27% voru frekar sammála þeirri fullyrðingu.
- ✓ 46% svarenda töldu einnig að aðbúnaður í daggæslunni væri góður og 42% voru frekar sammála því. 11% voru því frekar ósammála.
- ✓ 61% svarenda töldu einnig að dagforeldri sinnti umönnun barns síns vel og 38% voru frekar sammála því.
- ✓ 50% svarenda töldu barn sitt fá hollan mat hjá dagforeldri og 19% voru frekar sammála. 11% voru ósammála og 19% vissu það ekki.
- ✓ 50% svarenda töldu sig fá góðar upplýsingar um hvernig gæslan gekk fyrir sig, 34% voru frekar sammála því. 15% voru ósammála.
- ✓ 58% foreldra töldu dagforeldra miða kröfur til barnsins við þarfir þess og þroska. 34% voru frekar sammála því en 7% vissu það ekki.
- ✓ Allir foreldrar töldu hugað vel að þáttum sem snúa að andlegri og líkamlegri velferð barnsins.
- ✓ 65% foreldra fannst þeir fá nægar upplýsingar um mataræði barns síns. 35% voru ósammála því.
- ✓ 77% foreldra fannst dvalartíminn sem þeir gátu keypt fyrir barn sitt henta því vel. Rúm 23% voru því ósammála.
- ✓ Rúm 50% voru sammála því að forföll dagforeldra væru ekki íþyngjandi. Rúm 46% foreldra fannst forföll dagforeldris íþyngjandi.

- ✓ Tæp 79% foreldra voru sammála eða frekar sammála því að niðurgreiðslur bæjarfélagsins vegna kostnaðar foreldra við daggæslu í heimahúsi væru hæfilegar. 19% fannst þær ekki hæfilegar.
- ✓ 30% fannst aldurinn 16 mánaða til 18 mánaða heppilegastur, 27% foreldra fannst heppilegast að fá leikskólavist fyrir barnið sitt eftir að foreldraorlofi lýkur, 23% 12-14 mánaða, 7% 14 – 16.

Tillögur til úrbóta

Lögð verði áhersla á að dagforeldrar kynni matseðil fyrir foreldrum vikulega og hafi hann sýnilegan þeim. Einnig að dagforeldrar upplýsi foreldra um innihald og hollustu matseðilsins. Dagforeldrar þurfa að gefa sér tíma til að gefa foreldrum upplýsingar um hvernig dagurinn gekk fyrir sig hjá barninu í gæslunni.



ENDURMENNTUN FYRIR DAGFORELDRA

Daggæslufulltrúar í Garðabæ, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi héldu einnig sameiginlega fræðslu fyrir dagforeldra. Námsflokkar Hafnarfjarðar sinna reglulegri símenntun fyrir dagforeldra. Boðið var uppá námskeið í skyndihjálpi og í uppeldi ungra barna.

LOKAORÐ

Veturinn 2014 –2015 var annarsamur í leikskólunum sem allir unnu að fjölbreyttum verkefnum í tengslum við stefnu sína og sérstöðu. Einnig sinnti starfsfólk virkri starfsþróun með þátttöku á námskeiðum og starfsmannafundum sem margir fóru í fræðslu. Starfsfólk leikskólanna sýndi nýstofnuðum Próunarsjóði leikskóla áhuga með mörgum umsóknum um áhugaverð verkefni. Mörg þeirra fengu styrk og eiga þau eftir að auðvelda starfsfólkinu að innleiða áherslur skólastefnu Garðabæjar í starf sitt á næsta ári.

